

Annar fundur haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 2. febrúar 2017 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Breiðablik – Gestastofa. **Breiðablik hefur verið íbúum í sveitarfélaginu afar mikilvægt í gegnum tíðina. Hreppsnefnd hefur því lagt áherslu á að vanda öll vinnubrögð við ferlið og m.a. haldið íbúafund um málið til að heyra sjónarmið íbúa. Við greiningarvinnu atvinnuráðgjafa SSV sem kynnt var á íbúafundi var m.a. íbúum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum, beint og milliliðalaust, inn í greininguna á vinnslustigi. Við vinnslu þessa máls hafa íbúar því getað komið að málinu með afgerandi hætti. Gögn úr greiningarvinnunni liggja fyrir á hreppsnefndarfundinum.**

Hreppsnefnd Eyja og Miklaholtshrepps samþykkir samhljóða að ganga til samstarfs við Svæðisgarð Snæfellsnes um að þróa áfram Gestastofu Snæfellsnes í Breiðabliki. Í þeirri vinnu verður gert ráð fyrir að íbúar geti nýtt húsið til félags og fundarstarfa eins og verið hefur. Einnig verður lögð áhersla á að tekið verði tillit til starfsemi fyrirtækja í samfélaginu. Ef til kemur að vinnan framundan verði kláruð með samning verður nánar farið í skilgreiningu á þessum atriðum.

2. Bréf frá vegamótatorfunni og varðar fyrirhugaða Gestastofu Snæfellsnes að Breiðabliki. **Eins og fram kemur í bókun vegna liðs 1. Á dagskránni hefur verið vandað til alls ferils í vinnu varðandi Breiðablik – Gestastofu og m.a. íbúum gefinn færi á að koma að málinu og tekið hefur verið mið af því. Um samstarfsverkefni við önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi að ræða og ljóst að mikill áhugi og samstarfsvilji er meðal þeirra enda verkefnið mikilvægt ekki síst fyrir okkar samfélag og þá sem eru að veita ferðamönnum þjónustu. Þess vegna kemur þetta bréf á óvart og einnig að það skildi berast rétt fyrir íbúafund þar sem mörgum spurningum í bréfinu var svarað á honum. Einnig kemur á óvart hversu víða þetta bréf var sent án þess að kostur væri gefinn á að svara rangfærslum sem í því eru t.d er varðar vinnu hreppsnefndar vegna bensinstöðvar við Breiðablik. Hreppsnefnd harmar vinnubrögð bréfitara og er oddvita falið að svara bréfinu í samræmi við umræður á fundinum.**
3. Erindi frá Þórð Runólfssyni þar sem farið er fram á að hreppurinn eftirláti land undir aðra innkeyrslu að Ræktunarstöðinni vegna fyrirhugaðar byggingar á salernisaðstöðu fyrir ferðamenn. **Ekki gerð athugasemd við því að gerð verði önnur innkeyrsla að Ræktunarstöðinni svo fremi að vegargerðin samþykki það. hreppsnefnd fagnar því ef eigendur Ræktunarstöðvarinnar setji niður salerni fyrir ferðamenn og taki þar með þátt í að koma þeim málum í betra horf fyrir ferðamenn í samfélaginu.**
4. Erindi frá Bjarna Þorsteinssyni slökkvistjóra dagsett 16. Janúar 2017. **Oddvita falið að skoða málið með Bjarna.**

5. Erindi frá Góðu fólki og varðar ósk um að sveitarefélagið taki þátt í kostnaði við rotþró og niðursetningu á henni á lóð Ræktunarstöðvarinnar. **Hefur eingöngu verið samþykkt fyrir íbúðarhús með lögheimili og því er erindinu hafnað.**

Mál í vinnslu:

6. N1 bensínstöð. **Nú er stöðin tilbúin og opin og er ein sú fullkomnasta á landinu. Fögnum við því hversu vel tókst til með verkið.**
7. Ráðgjöf vegna ráðningu skólastjóra við Laugargerðisskóla. **Oddvita falið að semja við skólastofuna SIL vegna ráðgjafar, miðað við fyrirbyggjandi gögn.**
8. Ráðgjöf vegna fundar um skólamála. **Oddvita falið að ræða við ráðgjafa og kynna málið betur á næsta fundi.**
9. Farið yfir viðræður við nágrennasveitarfélög vegna eignanna í Laugargerðisskóla. **oddvita falið að senda nágrennasveitarfélögunum erindi og fara fram á kaup á eignarhlutum í Laugargerðisskóla.**
10. Skipulags og byggingarfulltrúi. **Drög að samning lögð fram og þau samþykkt.**
11. Útboð á skólaakstri. **Oddvita falið að skoða málið.**
12. Brunaslöngur. **Lagt fram tilboð í brunaslöngur og reykskinjara. Oddvita falið að fá líka tilboð í slökkvitæki.**

Lagt fram til kynningar:

12. fundarboð á fund í Borgarnesi og varðar stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga 6. febrúar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.

Katrín Gísladóttir (sign)
Atli Sveinn Svansson 8 sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)